

## Tillaga frá Heklukoti um styttingu vinnuviku

8. des.2020

Það er stefna starfsmanna Heklukots að ná hámarks styttingu vinnuviku sem eru 4 tímar á viku. Það var kosning um það hjá Heklukoti hvort ætti að reyna við einn, tvo, þrjá eða fjóra klukkutíma og var niðurstaða starfsmanna að ná eins og fram kom að vinna að fjögurra tíma styttingu.

Í viðhengi eru útfærslur fyrir allar deildir hvernig þetta verður leyst með það markmið að skerða þjónustu sem minnst. Það er líka gert ráð fyrir að tillaga Odda bs. um að loka á föstudögum klukkan 15:00 verði samþykkt hjá sveitarfélaginu. Var mikil ánægja hjá starfsmönnum með þessa tillögu Odda bs. og tillagan létti mikið undir vinnuna við styttingu þar sem allir í fullu starfi fá sjálfkrafa klukkutíma styttingu og verða þá lengur á deildum sínum. Ekki er þá þörf á að fara í útfærslu þar sem starfsmenn safna einum klukkutíma á viku í einhvers konar pott til að nota seinna í frí t.d. heilan dag, eins og gert hefur verið á öðrum leikskólum sem eru að stytta vikuna um fjóra tíma.

Þegar farið var af stað í að vinna að útfærslu á óskum starfsmanna var haft að leiðarljósi að gera ráð fyrir fjarverunni sem styttingin skapar og búa til fast kerfi, svo ekki þurfi að vera að slökkva elda á hverjum degi eða í hverri viku. Líka var unnið að því að hafa sem flesta starfsmenn í vinnu kringum álagstíma, þ.e. mat og hvíld í leikskólanum. Stytting vinnuviku starfsmanna kemur ekki niður á faglegu starf þar sem hópastarfið með öllu því sem fer fram þar er eins og það var, fyrir hádegi þegar allt starfsfólkið er í húsinu. Eftir hádegi tekur eins og fyrr við útivera og/eða frjáls leikur, allt eftir hvernig dagskipulagið er á hverri deild.

Með styttingu vinnuviku hafa starfsmenn gefið eftir rétt sinn á kaffitímum eins og þeir voru fyrir styttingu og við tekur neyslulé og verður það miðað við 30 mínútna hlé hjá starfsmanni í 100% starfi og hlutfallslega hjá starfsmönnum sem eru í lægri starfshlutfalli. Útfærslan á hvernig þeim verði háttáð liggur ekki fyrir eins og er, enn það verður deildarstjórar á hverri deild sem útfæra hvað hentar viðkomandi deild, þar sem dagskipulag deilda er misjafnt eftir aldri barna.

Annað sem haft var í huga við styttingu vinnuviku var að starfsmenn geti notað frí sitt í þessi „skrepp“ sem stundum þarf að sinna á vinnutíma eins og t.d. bankaferðir eða annað sem er bara opið á sama tíma og hjá okkur. Þetta hefur reynst vel hjá leikskólum sem hafa verið í styttingu vinnuviku enda þurfa allir að stýra sínu skreppi svo að það lendi ekki á öðrum dögum enn þeim sem starfsmaður hefur fengið styttingu á.

Að sjálfsögðu vonum við öll í Heklukoti að 4 tíma stytting vinnuvikunnar komi til framkvæmda hjá fleiri hópum í okkar samfélagi, þá græða allir, jafnt börn sem foreldrar.

Tillagan var unnin í samstarfi við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra Heklukots, þær Auði Erlu Logadóttur og Rósu Hlín Óskarsdóttur.

Vinnuhópur Heklukots um styttingu vinnuviku;

Ragnar Jóhannsson, Drífa Nikulásdóttir, Hrafnhildur Andrésdóttir, Jóhanna Svanhvít Hauksdóttir og Sigdís Hrund Oddsdóttir.